

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf.,
sbr. lög nr. 31/1963, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. ml. 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu vera háð staðfestingu ráðherra þess er fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 28 1976, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög
nr. 39/1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. ml. 8. gr. laganna orðist svo:
Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.